

## **Bókun samráðsfundar um túlkun á ákvæði 1.2 í starfsleyfi fyrir kvíaeldisstöð Fiskeldis Austfjarða ehf. í Fáskrúðsfirði.**

Haldinn var samráðsfundur Umhverfisstofnunar og Fiskeldis Austfjarða ehf. hjá Umhverfisstofnun þann 6. júlí 2012 þar sem mættir voru Þórður Þórðarson og Guðmundur Gíslason, f.h. Fiskeldis Austfjarða, Gunnlaug Einarsdóttir, sviðstjóri umhverfisgæða, Sigurður Ingason, sérfræðingur og Svanfríður Dóra Karlsdóttir lögfræðingur.

Eftirfarandi bókun var gerð:

**Umfang starfsleyfisins er 3000 tonna heildareldi á þorski sem skiptist á þrjú svæði og gildir 300 metra radíus frá GPS punktum þeim sem tilgreindir eru í starfsleyfinu fyrir hvert svæði, þó þannig að kvíar séu ekki staðsettar innan netlaga.**

Vísað er til bréfs Fiskistofu til Umhverfisstofnunar, dags. 3. júlí sl. þar sem óskað er frekari upplýsinga frá stofnuninni um afmörkun svæða með tilliti til staðsetninga í starfsleyfi útgefnu af Umhverfisstofnun þann 19. júní 2012 til Fiskeldis Austfjörðum ehf.

Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út til Salar Islandica ehf. þann 14. júní 2005, HB Grandi hf. tók leyfi yfir 22. júlí 2009 og nú síðast var það tekið yfir af Fiskeldi Austfjörðum ehf. þann 19. júní sl. Texti eða efni starfsleyfisins hefur staðið óbreyttur þrátt fyrir kennitölutilfærslur en í upprunalegu starfsleyfi var einungis vísað til GPS punkta varðandi þær þrjár staðsetningar sem tilgreindar eru fyrir 3.000 tonna þorskeldi í Fáskrúðsfirði.

Umhverfisstofnun átti fund með Fiskistofu í nóvember 2011 þar sem sameiginlegur skilningur stofnananna var sá að starfsleyfi Umhverfisstofnunar hafi einungis gildi á því svæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og að Fiskistofa geti því ekki gefið út rekstrarleyfi utan þess svæðis. Að því leiðir að Fiskistofa telur sig ekki geta án frekari upplýsinga gefið út rekstrarleyfi á einn GPS punkt þar sem ógjörningur er að starfrækja sjókvíaeldisstöð á stökum GPS punkti. Í desember kom upp mál þar sem rekstraraðili með starfsleyfi gefið út á einn GPS punkt frá Heilbrigðisnefnd Vestfjarða sótti um rekstrarleyfi til Fiskistofu. Fiskistofa taldi sig á grundvelli þess sem að framan greinir ekki vera stætt á að veita honum rekstrarleyfi fyrr en fyrir lá bókun af fundi heilbrigðisnefndarinnar um að nefndin samþykkti að fastsetja staðsetningu eldiskvíá á þann veg að eldiskvíar skuli staðsettar innan 200 metra radíus frá staðsetningarpunkti. Gildir þessi ákvörðun um útgefin og óútgefin starfsleyfi fyrir fiskeldi frá Heilbrigðisnefnd Vestfjarða, sbr. bréf heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða, dags. 3. febrúar 2012.

Bent hefur verið á að framangreint starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða er ekki í samræmi við ný starfsleyfi Umhverfisstofnunar og framangreinda afgreiðslu heilbrigðisnefndar Vestfjarða hvað varðar skilgreiningu svæðis. Umhverfisstofnun telur að það form að tilgreina aðeins einn GPS punkt í starfsleyfi feli í sér ónákvæmni og of óljósa afmörkun athafnasvæðis og eftir 2007 hefur það verið regla hjá stofnuninni að gefa leyfin út á afmörkuð svæði sem eru hnitúð upp og skilgreind í starfsleyfinu sjálfu. Ástæða þess er að nauðsynlegt er talið að það komi skýrt fram í starfsleyfinu sjálfu nákvæmlega á hvaða svæði má staðsetja kvíar og hvar ekki. Sér í lagi þar sem um er að ræða fleiri starfsleyfi í grennd, en starfsleyfisumsóknnum hefur fjölgað töluvert á síðustu árum fyrir ýmsa starfsleyfisskylda starfsemi í sjó utan netlaga. Stærð

svæðanna ræðst síðan af eðli starfseminnar og því framleiðslumagni sem um ræðir hverju sinni.

Það starfsleyfi sem hér er til umfjöllunar er frá 2005 eins og áður segir og nauðsynlegt þykir nú að skýra nánar grein 1.2 í starfsleyfinu svo mörk svæða séu ljós og geti þar með orðið grundvöllur rekstrarleyfis. **Í ljósi þess að um er að ræða 3000 tonna heildareldi á þorski sem skiptist á þrjú svæði gildir 300 metra radíus frá GPS punktum þeim sem tilgreindir eru í starfsleyfinu fyrir hvert svæði, þó þannig að kvíar séu ekki staðsettar innan netlaga.**

Er um að ræða sameiginlegan skilning Umhverfisstofnunar og forsvarsmanna Fiskeldis Austfjarða ehf. sem staðfestist hér með.

f.h. Umhverfisstofnunar

f.h. Fiskeldis Austfjarða ehf.

---

Gunnlaug Einarsdóttir

---

Þórður Þórðarson

---

Svanfríður Dóra Karlsdóttir

---

Guðmundur Gíslason